

Fornleifastofnun Íslands

Fornleifakönnun vegna Vestfjarðavegar frá Skálmarfirði til Kollafjarðar

Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina
vegna frummats á umhverfisáhrifum vegagerðar.
Umsjón Náttúrustofa Vestfjarða

Ragnar Edvardsson

FS108-9922

Febrúar 2000

Efnisyfirlit	bls.
Inngangur	3
Um fornleifaskráningu	3
Yfirlit yfir byggðarsögu	4
Fornleifakönnun	5
Niðurstöður	10
Heimildaskrá	16

Inngangur

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifakönnunar á tilvonandi vegstæði frá Skálmarfirði að bænum Múla í Kollafirði. Fornleifakönnunin fór fram í lok ágúst 1999. Að ósk Kristjáns Kristjánssonar hjá vegagerðinni á Ísafirði var vegstæðið eingöngu kannað á vettvangi og var aðeins minniháttar heimildakönnun framkvæmd á þeim bæjum sem eru á svæðinu.

Samkvæmt heimildum voru áður sjö bæir í byggð á svæðinu, Fornasel, Vattarnes, Skálmardalur, Illugastaðir, Klettur, Fjarðarhorn og Múli. Í dag er einungis búið á Kletti og Múla.

1. Um fornleifaskráningu

Á síðustu árum hefur Fornleifastofnun Íslands unnið með og þróað aðferðir við fornleifaskráningu. Stofnunin hefur nú undir höndum stærsta gagnagrunn um menningarminjar á Íslandi. Fornleifaskráning hefur fyrst og fremst verið unnin fyrir og í samvinnu við sveitarfélög og stofnanir þeirra.

Fornleifaskráningu er skipt í þrjú stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis-, aðal-, og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í söfnun heimilda um fornleifar á tilteknu svæði og öflun annarra gagna sem geta gefið vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t.d. í heilu sveitarfélagi, sýslu eða héraði. Með svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu. Svæðisskráning erundirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlunargerð um ráðstöfun jarðnæðis.

Í 18. grein þjóðminjalaga kemur fram að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess...” Stærstu hagsmunir sveitarfélaga liggja í því að koma í veg fyrir að fornminjar verði fyrir skemmdum við ýmiss konar framkvæmdir. Í 21. grein þjóðminjalaga kemur fram að þeim sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum beri að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Þetta atriði eitt og sér rennir styrkum stöðum undir nauðsyn fornleifaskráningar því með skipulegri skráningu er hægt að finna og staðsetja fornminjar áður en kemur að jarðraski og þar með spara verulegar fjárhæðir. Fyrir utan þetta atriði eykst nú skilingur á möguleikum á að nýta upplýsingar um menningarminjar í ferðaþjónustu, en til þess að það sé hægt verða að vera til heildstæðar upplýsingar um ástand fornleifa og staðsetningu.

Í 16. grein þjóðminjalaga er eftirfarandi skilgreining á því hvers konar minjar teljast til fornleifa, og er hún lögð til grundvallar í fornleifaskráningu:

- a. byggðarleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðvum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún-akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnavöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Á þessu sést að fornleifar eru ekki einungis forn mannvirki heldur einnig staðir sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum. Við fornleifaskráningu er þessari víðu skilgreiningu fylgt og staðir eins og orrustustaðir skráðir og einnig staðir sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands. Dæmi um slíkt eru staðir þar sem draugum var komið fyrir eða þar sem þeir eiga að hafa búið.

Þótt miðað sé við mannvirkjaleifar sem eru 100 ára eða eldri er í raun stuðst við víðari skilgreiningu við skráninguna. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem bera vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, fiskplön, áveituskurðir, minjar sem tengjast seinni heimsstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess.

2.1. Yfirlit yfir byggðarsögu

Samkvæmt Jarðatali Johnsen frá 1847 voru tólf jarðir í byggð á svæðinu á milli Vattarfjarðar og Kollafjarðar. Þessar jarðir voru Múli (við Kollafjörð), Fjarðarhorn, Klettur, Seljaland, Bær á Bæjarnesi, Kirkjuból, Selsker, Illugastaðir, Skálmardalur og Vattarnes. Af þessum tólf eru einungis sex sem eru við eða nálægt vegstæðinu: Múli við Kollafjörð, Fjarðarhorn, Klettur, Illugastaðir, Skálmardalur og Vattarnes.


Jarðirnar koma ekki fyrir í Landnámabók en elstu heimildir um byggð á svæðinu eru frá 13. og 14. öld. Jarðirnar koma allar fyrir í jarðabók Á.M. frá 1706 og eru þær flestar litlar, 6 – 16 hundruð að dýrleika. Í dag eru þær flestar komnar í eyði og eingöngu er búskapur á Kletti og Múla.

2.2. Fornleifakönnun

Fornleifakönnunin hófst í Vattarfirði og var svæðið kannað frá vestri til austurs. Engar fornleifar sáust við vegstæðið frá Kerlingarfirði og að Vattarnesi. Tvær tillögur um vegstæði við Vattarnes eru lagðar til. Sú fyrri leggur til að vegstæðið verði lengra frá sjó en núverandi vegstæði og mun það því fara yfir bæjarstæði Vattarness. Sú síðari er að vegurinn fylgi gamla vegstæðinu (kort2). Á bæjarstæðinu eru margar rústir vel sýnilegar og er ljóst að bæjarstæðið er í verulegri hættu vegna vegstæðisins. Norðvestur af bæjarstæðinu er grjóthlaðin rétt og er vegurinn alveg við hana. Samkvæmt Kristjáni Kristjánssyni hjá vegagerðinni hefur þessari tillögu nú verið breytt og vegurinn mun fylgja núverandi vegstæði.

Einnig eru tvær hugmyndir um veglagningu um Skálmarfjörð. Önnur hugmyndin er um veg fyrir fjarðarbotninn, framhá bænum Skálmardal. Hin

hugmyndin er vegir þvert yfir fjörðinn framhjá bænum Illugastöðum (kort 2). Leiðin fyrir fjarðarbotninn mun ekki raska neinum fornminjum við bæinn Skálmardal. Þrjár



Mynd 1. Undirstaða undir girðingu rétt við Vattanes. Líklega frá 20. öld (Mynd Kristján Kristjánsson).

vörður eru við vegstæðið, ein í fjarðarbotninum austanmegin og tvær vestanmegin en þær verða ekki fyrir raski ef fylgt verður gamla vegstæðinu. Hin leiðin yfir Skálmarfjörð fer of nálægt bærstæði Illugastaða og er líklegt að það muni raska fornminjum. Einnig er áætlað að taka fyllingu í fjörunni fyrir neðan túnið og er hætt á að slík framkvæmd raski fornminjum. Sæmkvæmt Kristjáni Kristjánssyni mun hjá Vegagerðinni verður Skálmarfjörðurinn ekki þveraður.

Á hálsinum, milli Skálmarfjarðar og Kollafjarðar er vörðuð, leið. Sú leið er norðar í dalnum og liggur í boga yfir heiðina í Kollafjörðinn (sjá kort). Eingöngu nyrsti hluti gömlu leiðarinnar liggur við vegstæðið. Nokkrar vörður fylgja núverandi þjóðvegi þar sem vegurinn liggur upp hálsinn, Illugastaða megin. Þessar vörður tilheyra ekki elstu leiðinni yfir hálsinn og er líklegt að þær hafi verið hlaðnar á síðustu öld og tilheyri síðari tíma viðbót. Þær vörður sem tilheyra elstu þjóðleiðinni yfir Klettsháls eru ekki í hættu vegna vegagerðarinnar. Einungis ein varða (mynd 6) tilheyrir gamalli þjóðleið og er hún ekki í hættu.

Engar rústir sást á leiðinni framhjá bænum Kletti og er bærstæðið ekki í hættu. Tvær rústir eru í fjarðarbotninum vestanmegin og eru þær í nokkurri hættu, þar sem að þær eru innan 20m raddius frá vegstæðinu. Þar er nauðsynlegt að fara með gát við vegaframkvæmdir. Í Kollafirði á vegurinn annaðhvort að fylgja gamla vegstæðinu um fjarðarbotninn framhjá bænum Fjarðarhorni eða að fara sunnar yfir fjarðarbotninn. Ef vegurinn fylgir gamla vegstæðinu eru engar fornminjar í hættu en nýja veglínan

sem liggur yfir fjörðinn mun raska tveim fornminjum sem eru í fjörunni austanmegin í Kollafirði (Kort 4).



Mynd 2. Varða 1 á hjallanum rétt ofan Gunnsteins.



Mynd 3. Varðan er í kantí gamla vegarins.



Mynd 4. Varða 3.



Mynd 5. Varða 4.




Mynd 6. Varða 5. Þessi varða er rétt ofan hinnar fornu Eyvindargötu og hér mætast fornar gönguleiðir, bæði úr Kolla-firði og Kvígindisfirði.



Mynd 7. Varða 6 rétt ofan vegar utan Skálmardalshússins.



Mynd 8. Varða 7 rétt ofan, nokkru utar en varða 6. Varðan er hlaðin ofan á klappardrang.



Mynd 9. Varða 8. Æskilegt er að þessi varða víki.

Niðurstöður


Fornminjum stafar hættu af vegaf framkvæmdunum á nokkrum stöum. Í Vattarfirði og Skálmarfirði eru það bæjarstæði Vattarness og Illugastaða sem eru í mestri hættu. Við Vattarnes er æskilegt að vegurinn fylgi núverandi veglínu til að koma í veg fyrir að bæjarstæðið sjálft verði fyrir raski.

Ef vegurinn er lagður þvert yfir Skálmarfjörð er hættu á að fornminjar verði fyrir raski við Illugastaði. Því er betra að vegurinn fari um fjarðarbotninn og fylgi gömlu veglínunni eins og kostur er.

Á heiðinni milli Skálmarfjarðar og Kollafjarðar eru flestar varðanna fyrir utan veglínuna og er nauðsynlegt að gæta ýtrustu varúðar á því svæði. Myndir 2-8 sýna þær vörður sem helst eru í hættu en líklegt er að þær sé flestar frá 20. öld.


Í Kollafirði eru það einungis tveir staðir austanmegin í firðinum sem eru í beinni hættu vegna framkvæmdanna og er æskilegt að vegurinn fylgi gamla vegstæðinu á því svæði (kort 3)

Nauðsynlegt er að taka fram að ýmsar minjar, eru nálægt vegstæðinu en ekki í beinni hættu. Sérstaklega við gamla vegstæðið þar sem að rústir eru rétt við veginn. Á þeim svæðum er nauðsynlegt að gæta ýtrustu varúðar við vegaf framkvæmdir.




600 0 600 1200 Meters

 **Bæjarstæði**
Vegstæði
Hæðarlínur




Kort1. Hættusvæði í kringum bæjarstæðin.

Vestfjarðavegur



Kort 3. Þetta kort sýnir staðsetningu varðanna sem eru í mestri hættu.

Vestfjarðavegur í Kollafirði



Kortid er unnið eilir loftjósmyndum frá Vegagerðinni og kortum frá Landmælingum Íslands.

Kort 4. Vestfjarðavegur í Kollafirði. Gamla vegstæðið og tillögur.

Heimildaskrá

Árni Magnússon, Páll Vídalín: *Jarðabók*, VI bindi. Kaupmannahöfn 1940.

Diplomatarium Islandicum, I – XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857 – 1972.

Íslendingasögur, I, Reykjavík 1953

J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.